

Ráðstefna um seiglu í Vínarborg

Þátttakendur á ráðstefnu Resilience verkefnisins voru rúmlega 130 frá 15 mismunandi þjóðlöndum. Ráðstefnan var haldin í húsakynnum sálfræðinga í Vín í Austuríki þann 6. nóvember 2014. Á ráðstefnunna komu kennarar, ráðgjafar sálfræðingar, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir þeir sem áhuga hafa fyrir að efla seiglu meðal skjólstæðinga sinna og annarra.

Afurðir verkefnisins voru kynntar eftir lýsingu á verkefninu og hugtakinu seiglu og merkingu þess. Þátttakendur á ráðstefnunni tóku þátt í æfingum tengdum seiglu ásamt því að ræða hvernig innleiða má seigluþjálfun á mismunandi sviðum svo sem innan heilbrigðisgeirans, menntastofnanna og í atvinnulífinu.

Sérstakar þakkir eru til þeirra sem tóku þátt í ráðstefnunni og munu kynna hugtakið seiglu og afurðir verkefnisins innan sinnar starfsstéttar og víðar.

Athugasemdir þáttakenda að lokinni ráðstefnunni:

"Seigla er fremur nýtt hugtak fyrir mér svo að mér þótti gott að fá tækifæri til að læra um hvernig koma má á seigluþjálfun meðal einstaklinga. Góð, hagnýt ráðstefna!"

"Ég tel að heimasíða verkefnisins verði hagnýt og vel nýtt því notkun er öllum heimil og deila má því sem þar er"

"Skemmtilegir, myndir, afslappaðir og áhugaverðir fyrirlesarar. Afurðir verkefnisins munu hjálpa mikið. Takk fyrir að mega nota afurðirnar úr verkefninu. Ég vona að ég fái tækifæri til að sjá meira."



Þessar afurðir má finna á:

www.resilience-project.eu


Heimilt er að nota aðferðirnar án endurgjalds en þær eru verndaðar af höfundarétti. Sjá nánar á heimasíðu verkefnisins.



Afurðir verkefnisins

After lots of hard work and pilot testing, the products are finally ready for you to use:

- » Leiðbeiningar – Lærðu hvernig hægt er að nýta seiglu meðal starfsstétta
- » Sjálfsmatslisti – Fáðu niðurstöður um það hvernig þú stendur í mismunandi hæfniþáttum sem tengjast seiglu
- » Verkefnakista – Veldu seigluæfingar
- » Tölvuleikur - Prófaðu tölvuleikinn til að fræðast um seiglu
- » Persónuprófill - Lærðu um þessa viðtalsaðferð sem byggir á kenningum í náms- og starfsráðgjöf, hópráðgjöf og öðrum fræðigreinum
- » Myndbönd sem tengjast seiglu
- » Skýrslur frá hverju þátttökulandi um aðferðir er tengjast seiglu



Næstu skref

Þó að verkefnið sé á enda verða afurðir verkefnisins aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins og vonandi munu margir nýta sér þær sem víðast í Evrópu. Samvinna innan verkefnisins hefur verið góð og margir fengnir til að prófa aðferðirnar frá mismunandi sviðum atvinnulífsins í ýmsum löndum. Verkefnið tengist öðrum verkefnum til dæmis verkefni frá Englandi sem nefnist EMPLOY.

Við þökkum þann áhuga sem verkefnið hefur fengið og tökum glöð við ábendingum og athugasemdum sem gætu bætt afurðirnar.

Lokaráðstefna á Íslandi

Föstudaginn 10. október var verkefnið Seigla - Resilience - a key skill for education and job kynnt í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir hafa unnið í verkefninu síðastliðin tvö ár og kynntu afurðir þess. Lögð var áhersla á að kynna Persónupróflinn sem er viðtalsform sem ráðgjafar og aðrir sérfræðingar geta nýtt sér.

Um 40 náms- og starfsráðgjafa mættu á ráðstefnuna og var almenn ánægja með verkefnið og aðferðirnar sem þar voru kynntar.



*Seigla -
 Vísar til gagnvirks og aðstæðubundins
 ferlis sem leiðir til jákvæðrar aðlögunar
 mótlæti*

Tengiliðir á Íslandi

Listaháskóli Íslands
 Björg Jóna Birgisdóttir
 Web: <http://www.lhi.is>
 E-Mail: [bjorg\(at\)lhi.is](mailto:bjorg(at)lhi.is)
 Phone: (+354) 552 4000

Mímir símenntun
 Anna Sigurðardóttir
 Web: www.mimir.is
 E-Mail: [sigurdar.anna\(at\)gmail.com](mailto:sigurdar.anna(at)gmail.com)
 Phone: +354 6952081

For more information visit our website
www.resilience-project.eu

This project has been funded with support
 from the European Commission.

This communication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

